

SAMANTEKT VERKEFNISSTJÓRNAR LANDGRÆÐSLUÁÆTLUNAR Á FRAMKOMNUM  
UMSÖGNUM VIÐ AUGLÝSTA TILLÖGU AÐ LANDGRÆÐSLUÁÆTLUN 2021–2030 OG  
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

Tillaga að landgræðsluáætlun 2021–2030, ásamt umhverfismati áætlunarinnar var auglýst til kynningar þann 02.05. 2021 og var aðgengileg á vef Landgræðslunnar ([www.land.is](http://www.land.is)) til 14.06. 2021. Tillagan var send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka og var opin almenningi. Alls bárust 22 umsagnir. Verkefnisstjórnin færir þeim sem sendu inn umsagnir sínar bestu þakkir fyrir þeirra framlag til landgræðsluáætlunar.

Að neðan er samantekt á helstu efnisatriðum þeirra umsagna sem bárust á kynningar- tímanum og viðbrögð verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar við þeim. Umsagnir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum og greinum í tillögu að landgræðsluáætlun. Umsagnir eru á slóðinni: <https://landgraedsluaetlun.land.is/umsagnir-um-drog-ad-landgraedsluaetlun-2021-2031-og-um-drog-ad-umhverfismati-aaetlunarinnar/>

Eftirtaldir aðilar skiluðu inn umsögn um tillöguna:

12.05.2021. Seltjarnarnes	14.06.2021. Náttúrufræðistofnun Íslands
20.05.2021. Vesturbyggð	14.06.2021. Samtök náttúrustofa
24.05.2021. Stefán Hrafn Magnússon	14.06.2021. Bændasamtök Íslands
25.05.2021. Jón Guðmundsson	14.06.2021. Ungir umhverfissinnar
03.06.2021. Eyjafjarðasveit	14.06.2021. Aðalsteinn Sigurgeirsson
04.06.2021. Jón Hákon Bjarnason	14.06.2021. Skútustaðahreppur
09.06.2021. Minjastofnun Íslands	14.06.2021. Skógræktarfélag Íslands
13.06.2021. Gunnar Einarsson	15.06.2021. Skógræktin
14.06.2021. Sveinn Runólfsson og Andrés Arnalds	15.06.2021. Bláskógabyggð
14.06.2021. Samband Íslenskra sveitarfélaga	24.06.2021. Þingeyjarsveit
14.06.2021. Landvernd	28.06.2021. Umhverfisstofnun

## ALMENNAR ATHUGASEMDIR

<b>Helstu atriði athugasemda</b>	<b>Viðbrögð verkefnisstjórnar – breytingar á texta</b> (Blaðsíðutöl sýna hvar breyting á drögum að landgræðsluáætlun hefur verið gerð)
<b>Umsagnir án athugasemda við tillöguna</b>	
<i>Seltjarnarnesbær</i> gerir ekki athugasemdir við tillöguna. <i>Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar</i> fagnar drögum að landgræðsluáætlun og lýsir sig sammála henni í öllum meginatriðum <i>Samtök náttúrustofa</i> fagna því hversu metnaðarfull landgræðsluáætlun er.	Kallar ekki frekari á viðbrögð.

<p><b>Aðrar almennar umsagnir</b></p>	
<p><i>Bændasamtökin</i> benda á að í lýsingu fyrir gerð landgræðsluáætlunar sé fjallað um að vinna skuli stöðumat og farið er yfir helstu áherslur og upplýsingar sem nota eigi við gerð stöðumatsins. Stöðumat landgræðsluáætlunar hefur ekki verið birt en fjallað er um megin niðurstöður þess í einum kafla áætlunarinnar. Að mörgu leyti gefur sá kafli ágæta mynd af þeim grunni sem landgræðsluáætlun byggir á. Hins vegar kemur fram að víða skortir upplýsingar í stöðumatinu um mikilvægar forsendur sem landgræðsluáætlun byggir á.</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Tekið er undir það að mikilvægt sé að til sé ítarlegt stöðumat. Slíkt stöðumat er sífelluvinna sem einkum er unnið að í verkefninu Grólinn, sem mun árlega birta mat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins.</p>
<p><i>Skútustaðahreppur</i> gerir athugasemdir við: -Of lítil áhersla á verklegar framkvæmdir, fjármögnun o.fl., en of mikil áhersla á rannsóknir, eftirlit, kortagerð -þarf launuð störf við landgræðslu, ekki sé hægt að ætlast til þess að bændur sjái um hana -Vantar umfjöllun um hvaða verkfæri eru fyrir hendi til að ná settum markmiðum.</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Um verklegar framkvæmdir og fjármögnun verkefna verður fjallað í einstökum svæðisáætlunum. Meginhluti rannsókna, eftirlits og kortagerðar er vegna kröfu um slíkt vegna loftslagsbókhalds og samnings um mat á ástandi gróður og jarðvegsauðlinda.</p>
<p><b>Fjármögnun og framfylgd landsgræðsluáætlunar</b></p>	
<p><i>Bændasamtökin</i> benda á mikilvægi á forgangsröðun verkefna Landgræðslunnar og fjármögnun verkefna með hliðsjón af Landgræðsluáætlun.</p> <p>Samtökin gera einnig athugasemd við að í landgræðsluáætlun er hvergi vikið að þeim kostnaði sem einstakar aðgerðir áætlunar fela í sér. Markvissara væri að vinna áætlunina út frá kostnaðargrunni, eða í það minnsta sé gerð grein fyrir þeim kostnaði sem í því felst að allir þættir áætlunarinnar komist til framkvæmda. Í því samhengi er rétt að nefna forgangsröðun aðgerða. Með þessu vinnulagi er hætta á því að fyrsta útgáfa landgræðsluáætlunar verði óraunhæf og ómarkviss. Þá benda Bændasamtökin á það að kostnaðarmat liggur ekki fyrir en það hlýtur að vera forsenda fyrir forgangsröðun verkefna.”</p>	<p><i>Bætt inn eftirfarandi texta:</i> „Verkefnum verði forgangsráðað með tilliti til gildandi fjármálaáætlunar” Bls 10, fyrsta málsgrein, síðasta setning.</p> <p>Landgræðsluáætlun er ekki unnin á kostnaðargrunni, en í svæðisáætlunum verður slíkt gert og kostnaður mun verða einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á forgangsröðun verkefna.</p>
<p><i>Skógræktarfélag Íslands</i> telur að mætti velta fyrir sér hvernig fjármunum almennings er varið og hvaða árangri slíkar fjárfestingar skila. Öll þau verkefni sem talin eru upp eru bæði stór og umfangsmikil og kalla á miklar fjárfestingar eigi þær að skila árangri á tilsettum tíma. Innri</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Mikilvægt er að upplýsingar um kostnað og árangur aðgerða liggi ávallt fyrir. Í kolefnisverkefni Landgræðslunnar er safnað vistfræðilegum upplýsingum, sem nýtast við árangursmat til lengri tíma til viðbótar við</p>

<p>skoðun á þessum þáttum virðast ekki vera reifaðar með nægilega skýrum hætti.</p>	<p>mælingar á kolefnisforða landgræðsluvæða. Einnig heldur stofnunin utan um kostnað við einstakar aðgerðir.</p>
<p><b>Kynning og samráð</b></p>	
<p><i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i> bendir á að í landgræðsluáætlun hafi áherslur sambandsins í umsögn um lýsingu fyrir gerð landgræðslu-áætlunar skilað sér misvel, en þar hafi komið fram óskir um að hugað verði að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu, löggjöf um landnotkun hafi staðist tímans tönn og hvort æskilegt sé að tengja vinnu verkefnisstjórnar við endurskoðun búvörusamninga o.fl.</p> <p><i>Aðalsteinn Sigurgeirsson</i> átelur lítið samráð við hagaðila aðra en UAR og Náttúrufræðistofnun Íslands og bendir á að eðlilegt væri að Skógræktarfélag Íslands hefði umfram marga aðra aðila átt að fá hlutverk í vinnu þeirri sem fram fór við gerð þeirra draga sem hér hafa verið kynnt – sem fulltrúi frjálsra félagasamtaka í almenningsþágu.</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Tekið er undir að mikilvægt sé að hugað verði að samlegð við uppfærslu á landsskipulagsstefnu, löggjöf um landnotkun hugsanlega tengingu við endurskoðun búvörusamninga. Komið hefur verið til móts við þessar óskir að ýmsu leyti í lokaskjali landgræðsluáætlunar</p> <p>Ekki er tekið undir það að Skógræktarfélag Íslands hefði umfram marga aðra aðila átt að fá hlutverk í vinnu við landgræðsluáætlun</p>
<p><b>Framsetning og efni tillögunnar</b></p>	
<p><i>Aðalsteinn Sigurgeirsson</i> telur Landgræðsluna skilgreina flestar eða margar framandi tegundir sem ágengar framandi tegundir og styðjist frekar við eigin skoðanir heldur en ákvæði í Samningi um líffræðilega fjölbreytni. Sakar Landgræðsluna um að túlka Heimsmarkmið SP eftir eigin hentisemi og segir að Landgræðslan túlki þau þannig að það sé efnislegur samhljómur milli Landgræðsluáætlunnar og Heimsmarkmiðum SP</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Ekki er talin ástæða til sérstakra viðbragða við þessari ábendingu</p>
<p><b>Forsendur landgræðsluáætlunar</b></p>	
<p><i>Skógræktin</i> - Fjallað er um viðfangsefnið nánast eingöngu út frá vistkerfum. Spurning hvort ekki væri skýrara að tala áfram um gróðurvernd og uppgræðslu eins og góð hefð er fyrir. - Nálgunin einblínir um of á vernd þess sem fyrir er og endurheimt á vistkerfum sem áður var. Hægt er að hugsa sér önnur gagnleg markmið, svo sem að endurhæfa rofið land og hnignað mólendi sérstaklega í þágu beitar. Á landi sem nýtt er til beitar væri slíkt bæði gagnlegra og gerlegra en að endurheimta víðiflaka eða birkikjarr.</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Hefð hefur verið fyrir því að nota hugtökin „gróðurvernd og „uppgræðsla“ en þau markmið sem landgræðslu eru sett skv. núgildandi lögum (Lög um landgræðslu 155/2018, gr. 1-3) beinast að vistkerfum en ekki einvörðungu gróðurvernd og uppgræðslu. Landgræðsluáætlun geta leitt til þess að nýtingargildi lands aukist, en lög um landgræðslu kveða ekki á um slíkt markmið. Tekið er undir að mikilvægt sé að landgræðsluáætlun taki tillit til loftslagsbreytinga og er það að nokkru leyti gert í áætluninni.</p>

<p>Að sama skapi getur verið gagnlegra að nýta framræst land til beitar, og hlífa þá öðru landi, frekar en að endurheimta votlendi.</p> <p>- Eingöngu virðist vera horft til fortíðar í umfjöllun um endurheimt. Ekki er fjallað um aðlögun að þeim breytingum sem munu eiga sér stað ef spár rætast um 2-3° hlýnun. Líklegt er að verndun á því sem var aðlagað litlu ísöld sé ekki vænlegt til árangurs. Meiri sveigjanleiki þarf að vera í áætluninni, t.d. hvað varðar val á tegundum og aðferðum</p>	<p>Markmið 1.2. í áætluninni fjallar um mótvægisáðgerðir gagnvart loftslagsbreytingum, Markmið 1.3. um að auka viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa gagnvart náttúruvá og Markmið 1.4. um að takmarka rask af völdum framandi ágengra tegunda, en hvorutveggja er líklegt að aukist með hlýnandi loftslagi.</p>
<p><b>Hugtakanotkun og orðalag</b></p>	
<p><i>Aðalsteinn Sigurgeirsson</i> telur að gera þurfi textann læsilegri fyrir almenning og bæta við orðskýringakafli og að of mikil margræðni sé í textanum og lítil heimildanotkun</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar:</i> Ekki er talin ástæða til sérstakra viðbragða við þessari ábendingu</p>

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKA KAFLA LANDGRÆDSLÚÁÆTLUNAR

Inngangur	
Helstu atriði athugasemda	Viðbrögð verkefnisstjórnar
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> bendir á að framkvæmda-áætlun náttúruminjaskrár hefur tekið við hlutverki náttúruverndaráætlana</p> <p><i>Umhverfisstofnun</i> vill vekja athygli á að með gildistöku náttúruverndarlaga nr. 60/2013 fékk náttúruverndaráætlun heitið framkvæmda-áætlun og er einn hluti náttúruminjaskrár</p>	<p><i>Texta hefur verið breytt í:</i>                      “framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár” Bls 2, síðasta málsgrein, línur 2-3”.</p>
<p><i>Vesturbyggð</i> fagnar því að sett sé fram vönduð stefna á landsvísu um landgræðslu en vill þó áréttta að skoða þurfi umsóknir um landgræðsluverkefni svæðisbundið þar sem aðstæður geta verið mismunandi og aðrir hagsmunir kunnir að vera fyrir hendi sem þurfi ávallt að veða og meta hverju sinni.</p> <p><i>Sveitarstjórn Bláskógabyggðar</i> leggur þunga áherslu á að unnið verði í nánú samráð við sveitarfélagið og íbúa þess þegar kemur að landgræðsluáætlunum/verkefnum innan sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar</p> <p><i>Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar</i> leggur áherslu á að endurheimt og styrking vistkerfa þurfi að forgangsraða eftir líffræðilegu mikilvægi og gerast í samstarfi við sveitarfélög á hverju svæði fyrir sig</p>	<p><i>Bætt við eftirfarandi texta:</i>                      „Á grunni landgræðsluáætlunar verða gerðar svæðisáætlanir fyrir landgræðslu í virku samstarfi við sveitarfélög þannig að þær endurspegli mismunandi hagsmuni og aðstæður og hagaðila á hverju svæði“. Bls 3, önnur málsgrein, línur 1-3</p>
<p><i>Minjastofnun Íslands</i> vekur athygli á mikilvægi þess að tekið verði tillit til menningarminja við vinnslu svæðisáætlana</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>                      “Svæðisáætlanir skulu uppfylla skilyrði um verndun menningarminja og fornleifa, þannig að þess sé gætt landgræðsluaðgerðir spilli ekki slíkum minjum” Bls. 3, önnur málsgrein, línur 6-8</p>
<p><i>Umhverfisstofnun</i> bendir á mikilvægi þess að áætlunin taki mið af friðlýsingarskilmálum friðlýstra svæða og að landgræðsla á jaðri friðlýstra svæða hafi ekki áhrif á verndargildi svæðanna</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>                      „Einnig skal þess gætt að svæðisáætlanir taki mið af friðlýsingarskilmálum friðlýstra svæða og að landgræðsla á jaðri friðlýstra svæða hafi ekki áhrif á verndargildi svæðanna.“ Bls 3, önnur málsgrein, næstsíðasta setning“.</p>
<p><i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i> telur mikilvægt að kortlagning á ástandi vistkerfa sé stöðluð yfir landið allt og sé á ábyrgð stofnana ríkisins svo að einstaka sveitarfélög beri ekki kostnað vegna þessa.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>                      “Kortlagning á ástandi vistkerfa skal vera stöðluð yfir landið allt og á ábyrgð stofnana ríkisins” Bls. 3, næstsíðasta setning.</p>

<p><i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Átelur lítið samráð við gerð áætlunarinnar, einkum skort á samráði við mótun skógræktaráætlunar og endurskoðun landsskipulagsstefnu</li> <li>- Leggur áherslu á að virkt upplýsingastreymi milli landgræðsluáætlunar, náttúruverndar-áætlunar, aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, stefnumótandi byggðaáætlunar og skipulags-áætlana sveitarfélaga.</li> <li>- Tekur undir með verkefnastjórninni um að auka þurfi samþættingu og samstarf þvert á ráðuneyti og stofnanir í samvinnu við sveitarfélög og hagsmunaaðila.”</li> <li>- Telur mikilvægt að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum grunngögnum og leiðbeiningum við skipulagsgerð og upplýsingum um ástand vistkerfa og möguleikum á vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu þeirra til að nýta í sínu aðalskipulagi.</li> <li>- Leggur áherslu á að kortlagning á ástandi vistkerfa sé stöðluð yfir landið allt og sé á ábyrgð stofnana ríkisins svo að einstaka sveitarfélög beri ekki kostnað vegna þessa.</li> </ul>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi textum:</i></p> <p>“Einnig þarf að tryggja virkt upplýsingastreymi milli landgræðsluáætlunar, náttúruverndar-áætlunar, aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, stefnumótandi byggðaáætlunar og skipulags-áætlana sveitarfélaga” Bls. 2 síðasta málsgrein línur 7-10.</p> <p>“Jafnframt þarf að tryggja að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum grunngögnum og leiðbeiningum við skipulagsgerð, einkum upplýsingum um ástand vistkerfa og möguleikum á vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu þeirra til að nýta í sínu aðalskipulagi” Bls. 3, önnur málsgrein, línur 3-6.</p> <p>“Kortlagning á ástandi vistkerfa skal vera stöðluð yfir landið allt og á ábyrgð stofnana ríkisins” Bls. 3, næstsíðasta setning.</p>
<p><i>Landvernd</i> vekur athygli á þörf á heildarsýn á endurheimt náttúrugæða með landgræðslu og skógrækt annarsvegar og verndun landslags, náttúru og lífbreytileika hins vegar. Hætt er við að heildarsýn glatist þegar þessir mikilvægu þættir eru ekki samtvinnaðir í eina heildarsýn.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i></p> <p>“Mikilvægt er að skapa heildarsýn á endurheimt náttúrugæða með landgræðslu og skógrækt annarsvegar og verndun landslags, náttúru og lífbreytileika hins vegar. Hætt er við að heildarsýn glatist þegar þessir mikilvægu þættir eru ekki samtvinnaðir í eina heildarsýn” Bls. 2, síðasta málsgrein, önnur setning.</p>
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> leggur áherslu á að taka verði tillit til sérstöðu tiltekinna svæða og viðurkenna að landgræðsla eigi ekki alls staðar við, til að mynda þar sem jarðminjar og landslag hafa hátt verndargildi. Einnig þarf að skilgreina eflingu líffræðilegar fjölbreytni á ólíkan hátt eftir aðstæðum og í takt við eðlilega náttúrulega ferla.</p> <p>Að markmið um auðgun lífríkis eigi einkum við um svæði þar sem rask má rekja til athafna manna, t.d. þar sem jarðvegseyðing, röskun gróðurfars eða losun gróðurhúsalofttegunda á uppruna sinn að rekja til ósjálfbærrar landnýtingar.</p> <p>Að horfa skuli til markmiða í lögum um náttúruvernd þegar lagt er mat á hvort og hvernig landgræðsla á við og gæta þess að</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi textum:</i></p> <p>“Í svæðisáætlunum um landgræðslu verði horft til markmiða í lögum um náttúruvernd þegar lagt er mat á hvort og hvernig landgræðsla á við og gæta þess að einstakar aðgerðir vinni ekki gegn þeim markmiðum. Tekið verði tillit til vistfræðilegra og jarðfræðilegra sérkenna svæða við ákvarðanatöku og framkvæmd einstakra landgræðsluverkefna sem og mat á almennum verndargildi og verndarstöðu þeirra og hugað að samhengi við áform og áætlanir í náttúruvernd. Mikilvægt er að greina á milli svæða þar sem þörf er á endurheimt og þeirra sem hafa lága vistfræðilega virkni frá náttúrunnar hendi og því ekki ástæða til að grípa inn í með aðgerðum”. Bls. 3, önnur málsgrein, línur 8-16</p>

<p>einstakar aðgerðir vinni ekki gegn þeim markmiðum.”</p> <p>Áætlanir um mat á vistgetu lands umfram mat á vistfræðilegri virkni og ástandi sé mikilvægt innlegg í að greina á milli svæða þar sem þörf er á endurheimt og þeirra sem hafa lága vistfræðilega virkni frá náttúrunnar hendi og því ekki ástæða til að grípa inn í með aðgerðum.</p>	
<p><i>Sveitarstjórn Bláskógabyggðar</i> leggur þunga áherslu á að unnið verið í nánu samráð við sveitarfélagið og íbúa þess þegar kemur að landgræðsluáætlunum eða verkefnum innan sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i></p> <p>„Á grunni landgræðsluáætlunar verða gerðar svæðisáætlanir fyrir landgræðslu í virku samstarfi við sveitarfélög þannig að þær endurspegli mismunandi hagsmuni og aðstæður og hagaðila á hverju svæði“ Bls 3, málsgr. 2, línur 1-3</p>
<p><i>Umhverfisstofnun</i> bendir á að mikilvægt er að það komi fram í áætlun stefnu um landgræðslu á svæðum (þar meðtalið jaðarsvæði „bufferzone“) með sérstaka vernd eins og eldvörp, eldhraun, gervigíga og hraunhella, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, en þessi svæði falla öll undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess falla fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i></p> <p>„Einnig skal þess gætt að svæðisáætlanir taki mið af friðlýsingarskilmálum friðlýstra svæða og að landgræðsla á jaðri friðlýstra svæða hafi ekki áhrif á verndargildi svæðanna.“ Bls 3, önnur málsgrein, næstsíðasta setning“.</p>
<p><i>Umhverfisstofnun</i> bendir á að áætlunin fjallar einnig um landslag og hvernig stefna endurheimtar endurspegli einnig stefnu um ásýnd landslags. Í því samhengi má leggja áherslu á framkvæmd endurheimtar eins og nýtingu staðargróðurs þegar kostur er til þess að forðast neikvæð áhrif á ásýnd svæða og landslags.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i></p> <p>„Forðast ber að aðgerðir hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæða og landslags til lengri tíma.“ Bls 3, önnur málsgrein, síðasta setning“.</p>
<p><b>Stöðumat landgræðsluáætlunar</b></p>	
<p><i>Sveinn Runólfsson og Andrés Arnalds</i> fagna gerð vandaðrar landgræðsluáætlunar, en benda á að þar sé gróft vanmat á því sem áunnist hafi landgræðslustarfi</p>	<p><i>Texti hefur verið færður í eftirfarandi horf:</i></p> <p>“Vernd og endurheimt vistkerfa hafa verið viðfangsefni íslenskra stjórnvalda í rúma eina öld og skilað miklum árangri við að stöðva hraðfara landeyðingu, auk þess sem stór svæði hafa verið grædd upp” Bls. 7, fyrsta málsgrein, fyrsta setning.</p>

<p><i>Ungir umhverfissinnar</i> Brjóta þarf niður sílóin sem eru til staðar og stórauка samvinnu milli ráðuneyta og stofnana til að hægt sé að vinna að landgræðslu, loftslagsmálum og öðrum tengdum málum heildstætt. Eins og er, eru ekki neinar aðgerðir í áætluninni sem hafa það markmið að bæta stjórnsýsluna í tengslum við þessi mál, en æskilegt væri að hafa slíkt eða slík markmið.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Brjóta þarf niður samstarfshindranir og stórauка samvinnu milli ráðuneyta og stofnana til að hægt sé að vinna heildstætt að landgræðslu, loftslagsmálum og öðrum tengdum málum” Bls 9, síðasta lína og bls 10, línur 1-2.</p>
<p><i>Bændasamtökin</i> benda á nauðsyn á samþættingu við aðra stefnumótandi áætlanir ríkisins og stjórnarsáttmála, þ.e. byggðaáætlun, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landbúnaðarstefnu og þjóðaröryggisstefnu.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Einnig er mikilvægt að Landgræðslan hafi upplýst samráð við sveitarfélög, stofnanir ríkisins og ráðuneyti” Bls 10, fyrsta málsgrein, síðasta setning.</p>
<p><i>Skútustaðahreppur</i> óskar eftir meiri umfjöllun um lífrænan áburð</p>	<p><i>Settur inn eftirfarandi nýr/breyttur texti:</i>  “Enn er tiltölulega lítt hluti lífrænna úrgangsefna nýttur til landgræðslu. Mikill umhverfislegur ávinningur getur falist í því að auka nýtingu seyru (svartvatns), moltu, og ýmissa lífrænna efna sem falla til í matvælaframleiðslu auk ýmissa annarra lífrænna úrgangsefna við uppgræðslu lands. Notkun Landgræðslunnar og samstarfsaðila á lífrænum áburði hefur þó aukist verulega á undanförunum áratug. Mikill almennur áhugi er á aukinni nýtingu lífræns áburðar til að bæta næringarástand raskaðra vistkerfa og hafa nokkur sveitarfélög sett upp verkefni sem miða að endurnotkun næringarefna sem falla til svæðisbundið. Landgræðslan hefur í samstarfi við Verkfræðistofuna EFLU birt reiknivél sem sýnir kostnað við notkun mismunandi áburðarefna, lífrænna jafnt sem ólífrænna, og setur hann í samhengi við losun kolefnis. Einnig er gerð sundurliðun á þessum þáttum hvað varðar framleiðslu, innkaup, flutning og dreifingu áburðarefnanna. Reiknivélina má finna hér ásamt lokaskýrslu: <a href="https://land.is/reiknivél-lifraenn-aburdur/">https://land.is/reiknivél-lifraenn-aburdur/</a>.” Bls 9, þriðja málsgrein, frá línu tvö.</p>



<p><i>Umhverfisstofnun</i> telur mikilvægt að stofnanir auki og samþætti mikilvægar áætlanir, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landgræðsluáætlun, náttúruminjaskrá og landsskipulagsstefnu þannig að áætlanirnar og aðgerðirnar sem þeim tengjast vinni saman.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  „Mikilvægt að stofnanir auki og samþætti mikilvægar áætlanir, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landgræðsluáætlun, náttúruminjaskrá og landsskipulagsstefnu þannig að áætlanir og aðgerðir sem þeim tengjast vinni saman“ Bls 10, fyrsta málsgrein, önnur setning.</p>
<p><i>Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar</i> leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að breyta styrkjakerfi tengt landnýtingu þannig að þeir hvetji enn frekar til sjálfbærrar nýtingar og gefi landnotendum færi að því að aðlaga landnot sín að breyttum áherslum.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  „Mikilvægt er að breyta styrkjakerfi tengt landnýtingu þannig að það hvetji enn frekar til sjálfbærrar nýtingar og gefi landnotendum færi að því að aðlaga landnot sín að breyttum áherslum.“ Bls 10, önnur málsgrein, síðasta setning</p>
<p><b>Meginmarkmið 1.</b></p>	
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> minnir á Bernarsamninginn um verndun villtra dýra, plantna og búsvæða í Evrópu</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Bernarsamninginn um verndun villtra dýra, plantna og búsvæða í Evrópu” Bls. 14, önnur og þriðja lína að neðan”.</p>
<p><b>Markmið 1.1.</b></p>	
<p><i>Landvernd</i> vekur athygli á að löggjöf geri landeigendum erfitt fyrir að verja land sitt gegn ágangi sauðfjár og gerir kröfu um að lögum sé breytt þannig að lausaganga búfjár verði stöðvuð og vörsluskylða gerð að meginreglu. Leggur til að beit í yfir 600 m.y.s. verði algjörlega aflögð með samkomulagi eða bönnuð með lögum. Að lágmarki verða beitarsvæði í þessari miklu hæð undir sérstöku eftirliti og áhrif beitar á framvindu gróðurs þar metin reglulega.</p> <p><i>Jón Hákon Bjarnason</i> leggur til aukna áherslu á friðun og endurheimt lands.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Lög um búfjárhald hafi verið endurskoðuð með það að markmiði að skapa sátt um friðun og nýtingu lands og tryggja sjálfbæra nýtingu beitilands.” Bls. 15 annar áhersluliður</p>
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> bendir á að forgangsröðun og verndaráherslur á tilteknum svæðum þar sem stefnt er að endurheimt ber að skoða með tilliti til mikilvægis svæðanna fyrir ákveðnar tegundir eða vistgerðir og verndarstöðu þeirra.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Við endurheimt svæða sé stefnt að því að taka alltaf tillit til markmiða um búsvæðavernd, t.d. fugla.” Bls. 18, Markmið 1.2., fyrsta málsgrein, síðasta setning.</p>
<p><i>Umhverfisstofnun</i> telur að taka mætti til skoðunar markmið um að kolefnisrík vistkerfi verði vernduð gegn raski og verði samþætt markmiðum 61. gr. náttúruverndarlaga um verndun votlendis.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  „Stefna ber að því að kolefnisrík vistkerfi verði vernduð gegn raski og verði samþætt markmiðum 61. gr. náttúruverndarlaga um verndun votlendis.“ Bls. 18, Markmið 1.2, fyrsta málsgrein, lína 7-8.</p>

<p><i>Ungir umhverfissinnar.</i> „Enn fremur þarf að forgangsraða aðgerðum á hnitmiðaðan hátt í samráði á milli hagsmunaaðila“</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i> “Forgangsraða aðgerðum á hnitmiðaðan hátt í samráði á milli hagaðila” Bls 18, síðasti áhersluliður“</p>
<p><b>Markmið 1.2.</b></p>	
<p><i>Ungir umhverfissinnar</i> vilja að eftirfarandi orðalagi verði breytt. „Mestur ávinningur fyrir kolefnisbókhald Íslands tengt landnýtingu, felst til að mynda í að breyta landnýtingu og færa þannig land úr LULUCF flokknum „Grassland – Other land“ (land í nýtingu) yfir í flokkinn „Other land“ (friðað land) því sá landflokkur stendur utan bókhaldsins.“</p> <p>Ungir umhverfissinnar vilja að ofanverð setning um að mestur ávinningur fyrir kolefnisbókhald Íslands felist í því að færa landsvæði í ákveðnum flokkum milli landnýtingaflokka verði fjarlægð. Þetta gefur til kynna að mestur ávinningur felist í því að sleppa losun sem á sér stað úr heildarlosunartölum í losunarbókhaldi Íslands</p>	<p><i>Settur inn eftirfarandi nýr/breyttur texti:</i> “Hnignað land getur verið uppspretta umtalsverðrar kolefnislosunar en breytt landnýting getur leitt til endurheimtar vistkerfa og eru ýmis dæmi um það þekkt héraendis. Einnig er mikilvægt að bæta árangur endurheimtaraðgerða þar sem þeirra er þörf. Við breytingu á landnýtingu úr beittu landi yfir í friðað færast það jafnframt úr LULUCF flokknum „Grassland – Other land“ (land í nýtingu) yfir í flokkinn „Other land“ (friðað land), sem stendur utan loftslagsbókhaldsins.” Bls 18, síðasta málsgrein, neðstu fimm línur og bls. 19, línur 1-2.</p>
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> leggur til að Landgræðslan byggji upp vöktunarkerfi með mælipunktum innan skilgreindra lykilvistgerða um allt land til að mæla og skrá bindingu kolefnis í jarðvegi. Stofnunin stundar vöktun ýmissa vistgerða og telur mikilvægt að hugað sé að samræmingu vistgerðavöktunar hjá stofnununum.</p>	<p><i>Settur inn eftirfarandi nýr/breyttur texti:</i> “Vöktunarkerfi til að fylgjast með kolefnisbúskap vistkerfa á landsvísu er til staðar og samræmt vöktunarkerfi annarra stofnana og upplýsingar frá þeim nýttar til að stýra vernd, endurheimt og nýtingu” Bls. 19, annar áhersluliður</p>
<p><i>Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar</i> bendir á að vantí betri gögn um bindingu og losun kolefnis í íslenskum vistkerfum, einkum losun frá framræstu votlendi og þekkingin á losun frá mismunandi þurrlendi sé skammt á veg komin.</p> <p><i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i> bendir á að efla þurfi rannsóknir sem tengjast losunarbókhaldi og telur að gögn fyrir áreiðanlegt losunarbókhald vegna landnotkunar séu af alltof skornum skammti</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i> “Öflugur þekkingargrunnur á losun og bindingu kolefnis í íslenskum vistkerfum, einkum votlendi og röskuðu mólendi. hefur verið byggður upp” Bls. 19, þriðji áhersluliður</p>
<p><i>Samtök náttúrustofa</i> benda á að nauðsynlegt sé að efla rannsóknir á bindingu og losun íslensks jarðvegs almennt til að slíkar breytingar verði unnar út frá bestu þekkingu hverju sinni og að efla rannsóknir á öllum þáttum endurheimtar votlendis við íslenskar aðstæður</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi textum:</i> “Rannsóknir á kolefnisjöfnuði raskaðs lands hafa verið efldar til að undirbyggja ákvarðanatöku um endurheimt” Bls 19, næstsíðasti áhersluliður</p>

	<p>“Rannsóknir á öllum þáttum endurheimtar votlendis við íslenskar aðstæður hafa verið eflidar”. Bls 19, síðasti áhersluliður</p>
<p><i>Ungir umhverfissinnar vilja að meiri áhersla verði lögð á að byggja upp samstarf við sveitarstjórnir, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Án þeirra verður mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að vernda og endurheimta vistkerfi þar sem að stór hluti lands er í einkaeigu. Einnig þarf að auka upplýsingaflæði frá landgræðslu til landeigenda (þvert á stofnanir) til að upplýsingar um endurheimt votlendis og annar vistkerfa á að vera aðgengilegt</i></p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi textum:</i>  “byggja upp samstarf og upplýsingaflæði við sveitarstjórnir, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um endurskipulagningu beitar og annarrar landnýtingar sem miðar að samdrætti losunar frá landi, stöðva röskun og stuðlar að aukinni kolefnisbindingu með vernd og endurheimt vistkerfa” Bls 20, þriðji áhersluliður.</p>
<p><b>Markmið 1.3.</b>  <i>Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að efla þurfi náttúrumiðaðar lausnir gegn náttúruvá og samþætta við markmið landskipulagsstefnu á hverju svæði, einkum aðlögun að loftslagsbreytingum en sveitarfélög þurfi betri og handhægari gögn til að byggja sínar áætlanir á. Jafnframt ætti slík vinna að vera samþætt við aðra stefnumótun og áætlanagerð</i></p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Stjórnvöld (UAR/sveitarfélög) stuðli að því að efla náttúrumiðaðar lausnir gegn náttúruvá, eins og til dæmis öskufalli og flóðum og samþætta við fjölþætt markmið landskipulags á hverju svæði, einkum aðlögun að loftslagsbreytingum. Jafnframt sé slík vinna samþætt við aðra stefnumótun og áætlanagerð” Bls. 22, helstu áherslur, fyrsti liður.</p>
<p><b>Markmið 1.4.</b></p>	
<p><i>Stefán Hrafn Magnússon bendir á að lúpína hafi sannað svið landgræðslu, bindi nitur í jarðveg og undirbúi örfoka land og uppblásna mela undir td skógrækt. Jafnframt að ekki sjálfbært að það skuli þurfa tilbúinn áburð með grasfræi við uppgræðslu örfoka lands.</i>  <i>Jón Guðmundsson telur margt jákvætt við áætlunina en mótmælir því að notkun lúpínu sé hætt.</i>  <i>Gunnar Einarsson vill að Landgræðslan endurskoði afstöðuna til lúpíunnar og telur að hún eigi að vera í lykilhutverki í landgræðsluáætlun</i>  <i>Aðalsteinn Sigurgeirsson lýsir sig ósammála þeirri afstöðu sem fram kemur í Landgræðsluáætlun varðandi ágengnar framandi tegundir og segir að þar vanti rökstuðning</i>  <i>Skútustaðahreppur lýsir áhyggjum af notkun lúpínu og segja hana ágenga tegund, en að ekki rétt sé nálgun að hætta alfarið notkun hennar.</i>  <i>Skógræktarfélag Íslands gagnrýnir að Landgræðslan vilji ekki nota stafafuru við ræktunarstörf og bendir á að Landgræðslan beri í raun þyngsta ábyrgð á því hér á landi hve</i></p>	<p>Verkefnisstjórnin fellst ekki á að markmiði eða texta um ágengar framandi tegundir sé breytt í þá veru sem óskað er eftir í þessum umsögnum, þar sem notkun ágengra framandi tegunda brýtur í bága við 65. grein náttúruverndarlaga og er ekki samrýmanleg aðgerðum til að endurheimta vistkerfi. Þá samrýmist slíkt ekki áherslum SP um að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda</p>

<p>lúpína hefur náð mikilli fótfestu sem landbótajurt, og því skjóti skökku við að nú skuli stofnunin bregðast hastarlega við erlendum tegundum sem bæði hafa gert gagn og komið í veg fyrir jarðvegseyðingu og bundið kolefni. <i>Skógræktin</i> leggur til að felldar verði niður eftirfarandi setningarnar:</p> <p>„Notkun framandi tegunda sem geta orðið ágengar er ekki samrýmanleg aðgerðum til að endurheimta vistkerfi“.</p> <p>„ Á Íslandi eru dæmi um að bæði ágengar framandi lífverur hafi numið land og valdið víðtæku raski á þeim vistkerfum sem fyrir eru. Alaskalúpína var flutt til landsins um miðja síðustu öld til að nota í landgræðslu. Landgræðslan hætti að nota hana 2018 vegna þess hve ágeng hún er. Nú er svo komið að það þarf að hamla útbreiðslu hennar og endurheimta vistkerfi sem hún hefur raskað“.</p> <p>„ Innfluttar trjátegundir geta einnig valdið raski á vistkerfum sem og framandi tegundir skordýra og örvera sem sýkja tré og annan gróður.“</p>	
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> „Lagt er til í umfjöllun um æskilega framtíðarstöðu hvað markmið 1.4 varðar að skilgreina vistkerfi og svæði þar sem lögð er áhersla á að hindra landnám og útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Náttúrufræðistofnun leggur til að einnig séu skilgreindar vistgerðir og tegundir lífvera sem stendur meiri ógn en öðrum af framandi ágengum tegundum og tekið tillit til verndargildis og -stöðu þeirra við ákvarðanatöku um aðgerðir.</p> <p><i>Ungir umhverfissinnar</i> fagna því að Landgræðslan noti ekki ágengar tegundir til uppgræðslu. Telja þörf á að setja upp lista yfir forgangsröðun verkefna þar sem þau svæði þar sem brýnast er að fjarlægja ágengar tegundir eru sett efst á listann og hvetja til þess að listinn yfir ágengar tegundir sé í stöðugri þróun þar sem tekið er tillit til erlendra rannsókna um ágengar tegundir enda er líklegt að þær verði einnig ágengar hér á landi</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i></p> <p>“Einnig séu skilgreindar vistgerðir og tegundir lífvera sem stendur meiri ógn en öðrum af framandi ágengum tegundum og tekið tillit til verndargildis og stöðu þeirra við ákvarðanatöku um aðgerðir” Bls 24, annar áhersluliður.</p>

<p><i>Samtök náttúrustofa</i> leggja áherslu á að efla fræðslu til almennings um framandi og ágengar tegundir og þær ógnir sem af þeim stafar. Takmörkun rasks af völdum ágengra tegunda er ekki líkleg til að verða árangursrík ef almenningur í landinu er ómeðvitaður um þá ógn sem af þeim stafar</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta</i>  “Rannsókn- og þróunarstarf hefur aukið almenna þekkingu á eðli og áhrifum framandi ágengra tegunda á vistkerfi og leitt til þróunar markvissra aðgerða til að draga úr útbreiðslu eða uppræta ágengar tegundir”. Bls 24, síðasti áhersluliður.</p>
<p><i>Umhverfisstofnun</i> bendir á mikilvægi þess að það komi fram í áætluninni hvernig tekið verði á útbreiðslu ágengra tegunda frá eldri sáningarsvæðum sem geta haft áhrif á friðlýst svæði eins og í Þjórsárdal.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta</i>  „einkum svæði þar sem hætta er á að ágengar tegundir hafi neikvæð áhrif á friðlýst svæði” Bls 25, annar áhersluliður</p>
<p><b>Meginmarkmið 2.</b></p>	
<p><b>Markmið 2.1</b></p>	
<p><i>Samband íslenskra sveitarfélaga</i> telur mikilvægt að tryggja sjálfbæra landnýtingu og ítrekar mikilvægi samþættingar við byggðaáætlun og skapa sátt um vernd og endurheimt vistkerfa, vörsluskyldu búfjár, girðingarmál, samræmingu beitar og landgræðslu og endurskoðun styrkjakerfisins</p>	<p>“Brýnt er að tryggja sjálfbæra landnýtingu sem sé samþætt við byggðaáætlun og skapa sátt um vernd og endurheimt vistkerfa, vörsluskyldu búfjár, girðingarmál, samræmingu beitar og landgræðslu og endurskoðun styrkjakerfisins” Bls. 27, önnur málsgrein, síðasta setning.</p>
<p><i>Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar</i> tekur undir að stefna beri að sjálfbærri landnýtingu almennt en mikilvægt er að þekkingagrunnurinn sé styrktur. Mikilvægt er að beita jákvæðum hvötum í landbúnaðarkerfinu í átt að breytingum á landnýtingu þar sem það telst skynsamlegt til að t.d. endurheimta votlendi og styrkja gróðurþekju.</p> <p><i>Bændasamtökin</i> telja að það sé mikilvægt að í landgræðsluáætlun sé talað fyrir hvötum til landgræðsluáðgerða en telja óþarft að tengja slíkar greiðslur við búvörusamninga.</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi textum:</i>  “Byggður hefur verið upp öflugur þekkingargrunnur um ástand lands og áhrif nýtingar á ástand lands”. Bls. 27, annar áhersluliður.</p> <p>“Til staðar eru jákvæðir hvatar sem hvetja til breytinga á landnýtingu til að stuðla að endurheimt votlendis og styrkja gróðurþekju þar sem slíkt telst æskilegt” Bls. 27, síðasti áhersluliður</p>
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> ber lögum samkvæmt að vakta friðlýst svæði. Nýlega hefur verið sett af stað vöktunarverkefni þar sem áhrif ferðaþjónustu á friðlýst svæði, verndarsvæði og náttúru landsins eru metin og vöktuð, þ.m.t. áhrif á jarðveg, gróðurfar og fugla. Mikilvægt er að samræma þessa vöktun sem Náttúrufræðistofnun stýrir en ýmsir aðrir aðilar taka þátt í.</p>	<p><i>Texta hefur verið breytt í eftirfarandi horf:</i>  “Ferðamannastaðir og friðlýst svæði kortlögð og vöktuð út frá ástandi og þölmörkum vistkerfa”. Bls 28, Verkefni/aðgerðir, liður C.</p>

<b>Markmið 2.3.</b>	
<p><i>Bændasamtökin</i> benda á að „Umfjöllun um markmið 2.3, að landnýting styðji við atvinnu og byggðir í landinu, er stysti undirkafla skýrslunnar. Markmiðið í heild virðist vera túlkað með neikvæðum hætti, en í niðurlagi aðfararorða um markmiðið segir að mikilvægt sé að umbreytingin yfir í sjálfbæra landnýtingu valdi sem minnstri röskun á atvinnu og byggð. Því má álykta að stefnuhöfundar telji að líklegt sé að önnur markmið landgræðsluáætlunar komi til með að raska bæði byggðum og atvinnu. Bændasamtökin telja að uppgræðsla lands þurfi ekki að raska byggð og atvinnu, heldur geti það þvert á móti eflt byggðir. Það veltur fyrst og fremst á fjármögnun verkefna. Samtökin benda á að bændur eru helstu þátttakendur sem raunhæft er að komi að umfangsmiklum landbótaverkefnum, líkt og þeir hafa gert síðustu áratugi í gegnum verkefnið „Bændur græða landið“. Það sé því forsenda fyrir því að áframhaldandi árangur náist í landgræðslu að treysta búsetu um land allt.”</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Því er mikilvægt að stuðla að því að landnýting verði sjálfbær og að breytingin yfir í það gefi ný sóknarfæri og styrki þannig atvinnu og byggð. Mikill árangur hefur náðst í samstarfi bænda og Landgræðslunnar við landbótaverkefni og mikilvægt að efla það samstarf enn frekar”. Bls 31, markmið 2.3, fyrsta málsgrein, síðustu tvær setningarnar.</p>
<b>Meginmarkmið 3.</b>	
<b>Markmið 3.1</b>	
<p><i>Náttúrufræðistofnun</i> bendir á að hún hefur lögum samkvæmt mikilvægt hlutverk og hefur mikið lagt til varðandi fræðslu til almennings um náttúru landsins, vistgerðir, tegundir, jarðminjar o.fl. sem og mikilvægi þess að vernda náttúruna og ganga um hana með nærgætni</p>	<p><i>Bætt hefur verið við eftirfarandi texta:</i>  “Virkt samstarf aðila sem safna og miðla þekkingu á vistkerfum landsins”. Bls 36 þriðji áhersluliður.</p>

UMHVERFISMAT LANDGRÆÐSLUÁÆTLUNAR

<p><i>Sveinn Runólfsson og Andrés Arnalds</i> telja umhverfisskýrslu landgræðsluáætlunar vel unna og ánægjulegt að vistkerfisnálgun og sjálfbærni landnýtingar séu þar er fyrirrúmi. Enn fremur það undirmarkmið að takmarka rask vistkerfa af völdum ágengra framandi tegunda.</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar</i> Krefst ekki viðbragða</p>
<p><i>Bændasamtök Íslands</i> benda á að: „Landgræðsluáætlun fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem innleiðir tilskipun Evrópusambandsins nr. 2001/42/EB um umhverfismat á áhrifum tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun og koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Í 6. gr. núgildandi laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til umhverfisskýrslna. Í umhverfisskýrslu landgræðsluáætlunar 2021-2031 eins og hún liggur fyrir skortir upp á að gerð sé grein fyrir 1 „vistmegin“ í reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011 4 niðurstöðu matsins, forsendum fyrir niðurstöðu skv. 2. mgr. 6 .gr., ásamt því að umfjöllun um tengsl við aðra áætlanagerð og upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina er rýr, sbr. Staflíðir. Af lestri skýrslunnar er ekki ljóst hvort nauðsynlegar upplýsingar skv. staflíðum a-j í fyrrgreindri 6. gr. koma fram.</p> <p>Í umhverfismati tillögu að landgræðsluáætlun voru skilgreind umhverfisviðmið sem byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HM) og lykiláherslum verkefnis Sameinuðu þjóðanna um Áratug endurheimtar vistkerfa (ÁE). Umhverfisviðmið sem byggja á HM og áherslum ÁE voru valin og skilgreind og gerður samanburður á því hvernig markmið landgræðsluáætlunar fara saman við umhverfisviðmiðin. Bændasamtökin telja umhugsunarvert að meginþungi umhverfisskýrslu hvíli á HM sem eru ekki lagalega bindandi en ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig HM hafi verið innleidd hjá Landgræðslunni. Bændasamtökin telja sig ekki hafa fullnægjandi upplýsingar um það að umhverfisskýrsla fari sannarlega eftir HM.”</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar</i> Tekið er undir það að mikilvægt sé að huga að samlegð Landgræðsluáætlunar við aðra stefnumörkun stjórnvalda svo sem uppfærslu á landsskipulagsstefnu, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og samþættingu við aðalskipulag sveitarfélaga. Í endanlegri útgáfu Landgræðsluáætlunar er kveðið á um aukna samþættingu við aðra stefnumörkun stjórnvalda. tengsl við aðra áætlanagerð og upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt. Landgræðsluáætlun er stefnumótandi heildstæð áætlun um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu á landsvísi til næstu 10 ára. Umhverfismat áætlunarinnar er unnið út frá því og umhverfismat viðauka við landsskipulagsstefnu var haft til hliðsjónar við gerð þess sjá: <a href="https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf">https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf</a> Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015, Ísland meðtalið. Þar með eru heimsmarkmiðin orðin mælikvarði sem íslenskt landgræðslustarf þarf að taka mið af til framtíðar. Ástæða er til að benda á að Skipulagsstofnun gerði engar athugasemdir við framsetningu né efnistöku umhverfismats landgræðsluáætlunar.</p>

<p><i>Sambætting við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga</i></p> <p>„Í umhverfisskýrslunni segir að áætlun tengist og byggji á lögum um landgræðslu og ýmsum öðrum lögum, reglugerðum er varða landgræðslu – vernd – og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra nýtingu lands. Einnig sé stuðst við ýmsar áætlanir Landgræðslunnar, ráðuneyta og sveitarfélaga skv. viðauka 1. Í viðauka 1 er að finna yfirlit yfir lög og reglugerðir sem varða landgræðslu, vernd- og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra nýtingu lands sem og aðrar upplýsingar sem áætlunin styðst við, þ.e. héraðsáætlanir í landgræðslu. Þá er tekið fram að áætlunin tengist tilteknum áætlunum ríkis og sveitarfélaga og sett fram sýn á hvernig hægt er að bæta þær og sambætta til framtíðar ásamt því að tekið sé tillit til þess að landgræðsluáætlun stuðli að því að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar í þeim samningum sem gerðir hafa verið á alþjóðavettvangi.</p> <p>Bændasamtökin benda á að samspil landgræðsluáætlunar við aðra stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga þarf að vera skýrt. Sem dæmi þarf að huga þarf að samlegð stefnunnar við landbúnaðarstefnu, uppfærslu á landsskipulagsstefnu, þjóðaröryggisstefnu, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og sambættingu við aðalskipulag sveitarfélaga og stefnu ríkisins í jarða- og fasteignamálum. Öll stefnumótun um nýtingu jarða og fasteigna hlýtur að skipta máli og til að ná árangri þarf að gæta að samlegð og rétthæð framangreindra áætlana.”</p>	
<p><i>Aðalsteinn Sigurgeirsson</i> telur að í Umhverfisskýrslu landgræðsluáætlunar 2021-2030 fari höfundarnir glannalega í oftúlkunum á samhljómi milli eigin texta og markmiða S.þ. þ.e.a.s heimsmarkmið nr. 15 (Líf á landi)</p>	<p><i>Viðbrögð verkefnisstjórnar</i> Krefst ekki viðbragða</p>